

Grunnskólinn í Breiðdalshreppi

Tengsl á milli skólastiga



Áætlun um aðlögun leikskólabarna að grunnskóla

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Markmið með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiga að efla tengslin milli skólastiga.

Samstarf milli leikskólans og Grunnskóla Breiðdalshrepps hefur ávallt verið gott og hafa verið gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna með það að markmiði að gefa börnunum tækifæri á að kynnast grunnskólanum, efla tengsl og auðvelda börnunum flutninginn á milli leik- og grunnskóla.

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

Tvisvar yfir skólaveturinn koma leikskólanemendur á viðburði í grunnskólann

Annarsvegar á jólaskeggtun grunnskólans og hinsvegar á Þorragleði skólans.

Yngstu nemendur grunnskólans fara einu sinni yfir veturinn í heimsókn í grunnskólann.

Í fyrstu viku í maí er elstu nemendum leikskólans boðið í grunnskólann ásamt foreldrum. Þar er farið yfir skólastarfið og miðlað upplýsingum.

Í framhaldi af því koma leikskólanemendur þrisvar sinnum í grunnskólann og eru í tvær kennslustundir í senn.

Fyrsta heimsókn í kennslustund í Grunnskólann:

- Leikskólanemendur koma og eru með nemendum yngsta stigs í fjórar kennslustundir. Unnin eru fjölbreytt skólaverkefni svo þau kynnist sem flestum þáttum skólastarfsins.

Önnur heimsókn í kennslustund í Grunnskólann:

- Leikskólanemendur koma og eru með nemendum yngsta stigs í tvær kennslustundir. Unnin eru fjölbreytt skólaverkefni svo þau kynnist sem flestum þáttum skólastarfsins.

Þriðja heimsókn í kennslustund í Grunnskólann:

- Leikskólanemendur koma og eru með nemendum yngsta stigs í tvær kennslustundir. Unnin eru fjölbreytt skólaverkefni svo þau kynnist sem

Skipulagsfundir

Skilafundur að vori vegna barna sem eru að hefja skólagöngu. Á fundinum eru skólastjórnendur leik- og grunnskóla ásamt umsjónakennara yngsta stigs grunnskólans. Markmið er að miðla upplýsingum sem nauðsynlegt er að koma til skila um einstaklinginn frá leikskóla yfir til grunnskóla.